

NJÁLGUR – RÁÐ TIL FORELDRA

Sjá einnig á Heilsuvera.is - [Njálgur](#)

Algengasta smitleið er frá fingrum upp í munn.

Einkenni njálgs eru:

- kláði við endaparmsop (mest áberandi þegar barnið er komið undir sæng á kvöldin)
- svefntruflanir
- erting í leggöngum
- lystarleysi
- eirðarleysi

Njálgur er stundum einkennalaus.

Greining:

Felst í því að finna orma og/eða egg við endaparmsopið. Ormarnir sjást með berum augum eins og litlir hvítir þræðir við svæðið kringum opið og einnig í saur.

Best er að skoða endaparmsopið þegar barnið finnur fyrir einkennum og nota til þess vasaljós.

Meðferð:

- Tvö lyf er hægt að nota við meðhöndlun á njálg, annað er selt í lausasölu en hitt er lyfseðilsskylt.
- Meðhöndla þarf alla fjölskylduna.
- Handþvottur mjög mikilvægur, sérstaklega eftir salernisferðir og fyrir mat.
- Almenn hreinlæti, tíðari þvottur á salerni, krönum, baðkörum, hurðarhúnum og leikföngum.
- Klippa neglur vel því þá festast eggin síður undir þeim.
- Þvo föt og rúmföt við minnst 60°hita.
- Dagleg nærfataskipti.

Hvað er hægt að gera til að forðast njálg?

- Almenn hreinlæti; handþvottur mjög mikilvægur.
- Forðast að vera með hendur upp í munn og setja leikföng og annað upp í munninn.
- Reglulegur þvottur á leikföngum